


Komið þið sæl kærur foreldrar og forráðamenn og velkomin í Rjúpnahæð

Vegna Covid-19 sóttvarna verður því miður ekki sameiginlegur foreldrafundur í ár því biðjum við ykkur um að lesa þennan póst vel þar sem að hann hefur að geyma mikið af hagnýtum og nauðsynlegum upplýsingum.

Stefna og hugmyndafræði leikskólans:

Leikskólinn Rjúpnahæð vinnur eftir aðalnámskrá leikskóla og samkvæmt leikskólastefnu Kamii og DeVries, sem byggist á hugsmíðahyggju. Hugsmíðahyggja á rætur sínar að rekja til kenninga svissneska fræðimannsins, Piaget og rússans Vygotsky, um hvernig barnið byggir upp þekkingu og hvernig það lærir með eigin virkni. Tækið sem barnið notar til náms er leikurinn, hann er kjarninn í uppeldi og menntun þess. Litið er á barnið sem virkan aðila að eigin uppbyggingu félagslegrar færni, siðgæðis- og vitsmunaproska. Meginmarkmið leikskólans er að stuðla að sjálfræði barnanna með lýðræði að leiðarljósi. Unnið er út frá forsendum barnanna miðað við þroska og getu sem lýsir sér í því að umhverfi barnanna sé skipulagt þannig að það stuðli að því að barnið geti með góðu móti nálgast þann efnivið sem það þarfnast og umhverfið sé hvetjandi, rannsakandi, áhugavert og að það vekji hjá þeim hvöt til að rannsaka, kanna og skoða. Í uppeldisstefnunni varðandi sjálfræði eru fræði DeVries og Kamii höfð til hliðsjónar einnig er stuðst við Barnasáttmálann. Í leikskólanum er lögð mikil áhersla þátttöku barnanna í skólasamfélaginu með því að fá þeirra sjónarmið á málefnum sem skipta þau máli. Allar þessar áherslur tengjast með skýrum hætti Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og áherslu á sjálfbærnimenntun.

Kenningar sem Rjúpnahæð vinnur eftir:



Hvað er nám í leikskóla:

- nám í leik
- nám í daglegu lífi í leikskóla
- nám í samskiptum
- nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Hvað er sjálfræði:

- Sjálfræði er afl sem einungis hægt er að byggja upp innan frá og með samvinnu
- Sjálfræði er ekki það sama og algert frelsi, heldur tekur einstaklingur, sem býr yfir sjálfræði, tillit til þeirra sjónarmiða sem máli skipta og fyrir liggja þegar hann tekur ákvarðanir.
- Sjálfræði er til staðar þegar barn lætur stjórnast af sjálfu sér
- Sjálfræði er forsenda lýðræðis

Aðferðir sem stuðla að lýðræði:

- Lýðræðisleg vinnubrögð
- Samvinna
- Að taka ákvarðanir sem hafa áhrif
- Að bera ábyrgð á ýmsum verkefnum í umhverfinu
- Sjálfstjórn - að bera ábyrgð á sjálfum sér með því að viðurkenna og takast á við eðlilegar og rökréttar afleiðingar hegðunar sinnar
- Að barnið fái að reyna, skynja og skapa á eigin forsendum út frá áhugasviði og þroska
- Skipulag umhverfis
- *Að umhverfið sé aðgengilegt barninu*
- Að draga úr stýringu og yfirráðningu
- *Virða börnin, viðurkenna og styðja þau við að sjá margvísleg sjónarmið*
- *Styrkja sjálfsmynd þeirra*

Leiðir að markmiðum:

- í daglegum venjum
 - matmálstímum, hvíld, útiveru, á salerni, í fataklefa, samverustund, flæði
- í hópastarfi
 - tónlist
 - hreyfingu
 - þemastarfi
 - myndlist
- uppgötvunarnám – opnar spurningar
 - hugarkort
 - verkefnavinnsla

Flæði/sjálfræði – skipulag umhverfis:

- Í flæði er umhverfið skipulagt þannig að börnin geti unnið sjálfstætt, bjargað sér sem mest og borið ábyrgð
 - T.d. hvað varðar frágang og umgengi.
- Flæði stuðlar að öll leiksvæði eru nýtt
- Flæði er á milli 8:00-9:40 á morgnana°

Dagskipulag leikskólans:

07:30-8:00	Leikskólinn opnar
8:00-8:30	Morgunmatur- Hafragrautur
08:00-9:00	Tekið á móti börnum inni á deild/flæði
9:00-9:40	Ávaxtastund
9:20/40-10:00	Samverustund
10:00-11:30	Flæði/Hópastarf/Lundur/Laupur/Útivera/Útikennsla
11:30- 11:45	Söngstund/Sögustund/Samverustund
11:20 -12:30	Hádegisverður
11:20-12:45	Sögustund eldri /Hvöld yngri
12:45-14:20	Hópastarf/Lundur/Flæði/Laupur/Útivera/Útikennsla
14:20-15:15	Síðdegishressing /leikur inni á deildum
15:00-16:00	Leikur inni á deild/Flæði/Róleg stund/Útivera
16:00-16:30	Deildir sameinast - flæði/útivera. Leikskólinn lokar

Lundur: er hreyfingin hjá okkur í salnum. Allar deildir eru með salinn einu sinni í viku en Þrastarheiður skiptist á þrjá daga. Linda er með salinn hjá Þrastar-, Lóu-, Spóa- og Arnarheiðri en Viktor er með salinn hjá Álftahreiðri og Hlynur hjá Krummahreiðri. Salurinn er mjög vinsæll hjá krökkunum 😊

Laupur: er listasmiðjan hjá Jónu Gullu, hver deild er með Laup einu sinni í viku en Þrastarheiður skiptist á þrjá daga. Í Laup gera börnin ýmis verkefni með fjölbreyttum efnivið og fá að kynast sköpun á mismunandi hátt. Mjög gott er að börnin mæti ekki í vönduðum fötum daginn sem þau eiga Laup þar sem það geta alltaf komið upp óhöpp þrátt fyrir að þau séu í svuntum. Gott er að hafa í huga að Laupsdagur er vinnudagur sem krefst vinnufatnaðar 😊

Hefðir í Rjúpnahæð

Afmæli – þegar börnin eiga afmæli mega þau velja sér búning úr afmælisskáp leikskólans sem þau eru í á afmælisdaginn. Í hádeginu fá þau sérstakan afmælisdisk, glas og borðið er skreytt í tilefni dagsins.

Vinastund – er einu sinni í viku þar sem allar deildir leikskólans hittast, syngja saman, stundum eru uppákomur og margt skemmtilegt.

Menningardagar – eru haldnir í byrjun nóvember ár hvert, menningadagar eru í tvær vikur og þá fáum við til okkar ýmsa listamenn, rithöfunda, söngvara, hljóðfæraleikara o.fl.

Jólin – í Rjúpnahæð leggjum við áherslu á að hafa notalegt umhverfi hjá okkur í jólamánuðinum og laus við stress. Á hverju ári í lok nóvember er jólaverkstæði hjá okkur, þar sem börn og foreldrar mæta saman og eiga notalega stund, fönndra, baka laufabrauð, fá sér heitt súkkulaði, smákökur og margt fleira skemmtilegt. Í desembermánuði erum við með jólavinastundir þar sem við kveikjum á kertum í aðventukransinum okkar, það er jólaleikrit í boði Foreldrafélags Rjúpnahæðar, prestarnir úr Lindarsókn koma í heimsókn til okkar, svo erum við með jólaball þar sem jólasveinar kíkja í heimsókn til okkar og hátíðarjólamat.

Þorrinn – á hverju ári erum við með Þorrablót í leikskólanum, vikurnar fyrir Þorrablótið erum við að fræðast um gömlu dagana, hvernig lífið var þá, hvernig leikföng voru til o.fl. Einnig höfum við boðið bóndum í Bóndadagskaffi/morgunmat

Öskudagur – í leikskólanum búa börn og starfsfólk til sína eigin búninga. Hugmyndin að öskudagsbúningagerð er byggð á hugmyndafræði hugsmíðahyggju. Þar er námsumhverfið opið og auðugt og börnin fá tækifæri til að vera sjálfstæð í að skapa sitt eigið. Hlutverk kennaranna er síðan að skapa það umhverfi og andrúmsloft sem leiðir til náms. Við höfum gert þetta með því að gera börnunum kleift að útbúa sína eigin búninga fyrir öskudagsgleðina í leikskólanum. Við biðjum foreldra að koma með bol í leikskólann sem börnin síðan útfæra eftir sínu höfði. Við leggjum síðan fram allan þann efnivið sem hægt er að bæta við til að ná þeim árangri sem börnin vilja. Fyrst byrjum við á umræðu um öskudaginn í samverustund með opinni spurningu um hvað við viljum vera á öskudaginn. Þegar sú umræða er búin teikna börnin búningana sína á blað eins og sannir hönnuðir gera. Af því loknu er hafist handa við að breyta bolnum í búning allt eftir því hvað ákveðið var í upphafi. Mála, klippa, sauma, búa til fylgihluti og jafnvel hvernig þau vilja vera máluð. Ferlið allt tekur um það bil fjórar til sex vikur.

Sumarskóli

Sumarskóli Rjúpnahæðar hefst í júní. Þá er öll starfsemi leikskólans flutt út. Meginmarkmið okkar er að sumarstarfið byggist á gleði og ævintýri. Að það höfði til áhugahvöt hvers og eins til að rannsaka, uppgötva og leita svara í umhverfi sem er viðurkennandi, þar sem bæði barnið og hinn fullorðni fær að njóta sín. Ákveðin viðfangsefni eru í boði á ákveðnum stöðum, innan leikskólalóðarinnar og utan hennar. Í sumarskólanum höfum við 2. , 12. og 29. greinar Barnasáttmálans að leiðarljósi þar sem ríkir jafnræði og allir fá að njóta sín á sínum forsendum, allir hafa rétt á sínum

skoðunum og láta þær í ljós og allir fá menntun sem gefur þeim tækifæri til að þroskast á sínum eigin forsendum og rækta hæfileika sína.

Hægt er að sjá svæðin sem eru í boði á heimasíðu leikskólans <https://rjupnahaed.kopavogur.is/>

Uppskera

Í upphafi sumars gróðursetjum við grænmeti sem að við tökum svo upp í ágúst, þá höldum við uppskeruhátíð þar sem börnin mega koma í búning að heiman og höldum hátíðarball, mikið húllum hæ

Hagnýtar upplýsingar:

Veikindi: ef að barn kemur í leikskólann telst það nógu hraust til þess að taka þátt í starfi leikskólans, við höldum börnum ekki inni til að fyrirbyggja veikindi. Ef að barn er búið að vera veikt er heimilt að hafa það inni í einn dag en verður að vera sótt fyrir klukkan 16.

Leikföng að heiman eru ekki leyfð í leikskólanum, þau mega vera með bangsa sem þau eru með í hvíldinni en við óskum eftir því að leikföng séu geymd heima.

Að koma og fara: þegar börnin koma í leikskólann er mjög mikilvægt að kennari deildarinnar taki á móti því einnig þegar börnin fara af leikskólanum að starfsmaður deildarinnar sé látinn vita að barnið sé farið

Aukafatnaður/töskur: aukaföt eru geymd í pokum inni á deild merkt barninu, við óskum einnig eftir fjölnota pokum sem hægt er að þvo undir blaut/óhrein föt sem þurfa að fara heim. Með því að fá slíka poka frá ykkur erum við að minnka plastnotkun.

Útivera/fatnaður: mjög mikilvægt er að börnin séu með allan þann fatnað sem þau þyrftu að nota í fjölbreyttu íslensku veðri ☺. Fötin mega vera alla vikuna en pokinn sem geymir þau óskum við eftir að þið takið heim. Plássið sem hvert barn hefur í fataklefanum er það lítið að ekki er hægt að geyma töskurnar yfir vikuna.

Við óskum einnig eftir því að þið passið vel upp á fatahólf barnanna og taka heim ef það eru blaut föt, vettlingar, húfur o.fl

Mataræði: ef barn er með ofnæmi eða óþol þarf að koma með uppáskrifað læknisvottorð til deildastjóra sem kemur því áleiðis til þeirra sem þurfa.

Hverjir sækja barnið: látið kennara vita ef að einhver annar kemur að sækja en foreldrar.

Vala:

Fyrir ári síðan tekin í notkun ný heimasíða sem er í stöðugri vinnslu. Heimasíðan okkar er sett upp í kerfi sem kallast LÍSA og er í beinu sambandi við skráningarkerfið okkar sem heitir Vala, með henni er upplýsinga-app sem heitir Vala leikskóli (sjá myndir)



Í appinu geta forráðamenn sent og tekið á móti skilaboðum (t.d ef einhver annar sækir, ef að það verður komið fyrir að sækja), séð fréttir frá leikskólanum og tilkynningar, komandi viðburði, matseðil, hvernig börnin borðuðu og sváfu.

Ef að barn býr ekki hjá báðum foreldrum fær það foreldri sem er með lögheimili barns aðgang að appinu og þarf það foreldri að fara inn í appið – í stillingar og bæta við því foreldri (sem er ekki með lögheimilið) undir ættingjar (sjá mynd) þá eru báðir foreldrar tengdir við appið, sjá allar upplýsingar og geta sent upplýsingar í gegnum appið.

Appið er hægt að nálgast í Appstore og Playstore.

Allur tölvupóstur er sendur í gegnum Völu, ef að einhverjir telji sig ekki vera að fá póstinn endilega kikið á e-mail sem skráð er annaðhvort í Völu eða á mínar síður hjá Kópavogsbæ.

Heimasíða leikskólans er <http://rjupnahaed.kopavogur.is>

Foreldraráð Rjúpnahæðar: Við leikskólann starfandi foreldraráð. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Í foreldraráði sitja 4-6 foreldrar ásamt leikskólastjóra, fundir eru haldnir í leikskólanum tvisvar til þrisvar á ári.

Þeir sem hafa áhuga á að sitja í foreldraráði endilega hafið samband við Margréti aðstoðarleikskólastjóra í emailið: mbjarna81@kopavogur.is

Ef það eru einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband við okkur í Rjúpnahæð

Hér eru nöfn deildastjóra og email:

Krummahreiður: Heiða María heidamaria@kopavogur.is

Álftahreiður: Unnur unnurk@kopavogur.is

Arnarhreiður: Valgerður Ósk valgerduro@kopavogur.is

Spóahreiður: Inga Rún ingarun@kopavogur.is

Lóuhreiður: Helga Margrét helgamargret@kopavogur.is

Prastarhreiður: Lilja Margrét liljam@kopavogur.is

Hrönn leikskólastjóri: hronnv@kopavogur.is

Margrét aðstoðarleikskólastjóri: mbjarna81@kopavogur.is

Hér eru símanúmer deildanna:

Krummahreiður: 441-6711

Álftahreiður: 441-6712

Arnarhreiður: 441-6713

Spóahreiður: 441-6714

Lóuhreiður: 441-6715

Prastarhreiður: 441-6716

Bestu kveðjur

Hrönn leikskólastjóri og Margrét aðstoðarleikskólastjóri